



**Starfshópur um samgöngur í Vatnajökulsþjóðgarði**

**Fundargerð vegna fundar 19. september 2011**

## Fundargerð starfshóps um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði 19. september 2011

Fjórdi fundur starfshóps um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði fór fram mánudaginn 19. september, kl. 18.00 – 21.00. Meginmál fundarins var að ræða „Vinnuhandbók – Starfshópur um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði“ frá 1. september 2011. Markmið með handbókinni sem undirritaður tók saman er að gefa þátttakendum í starfshópnum tækifæri til að íhuga og ræða tvö meginmál verkefnisins, annars vegar viðmið sem eiga að gilda við ályktanir á einstökum leiðum samgöngukerfisins og hins vegar umfang verkefnisins.

Með hinu fyrra er átt við þá matsþætti sem miða skal við þegar ályktað er um einstakar leiðir í samgöngukerfi Þjóðgarðsins. Slík viðmið hafa verið skilgreind og þeim beitt, til að mynda í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, í greinargerð Umhverfisráðuneytis og unnið var með viðmið á samráðsfundi Vatnajökulspjóðgarðs þann 3. maí 2011. Þar fengu þátttakendur tækifæri til að ræða og skýra þau viðmið sem ættu að gilda við mat á einstökum leiðum samgöngukerfisins. Vinnuhandbókin býður starfshópnum sitt tækifæri til þess að ræða og sammælast um viðmið. Það er jafnframt tækifæri fyrir hvern þátttakanda starfshópsins að ræða við bakland sitt um þetta efni. Markmið er að starfshópurinn komi sér saman um viðmið til að nota í starfi hans. Það mun einfalda umræðu og ályktanir um einstakar leiðir innan Þjóðgarðsins.

Með hinu seinna er átt við hversu vítt starfshópurinn mun fara í ályktunum sínum um samgöngukerfi Þjóðgarðsins. Starfshópurinn fékk frjálst umboð til að ákveða hvað eigi heima undir starfssviði hans og hvað ekki. Það er því undir hópnum sjálfum komið að skilgreina hversu langt hann fer hvað ályktanir um einstakar leiðir Þjóðgarðsins varðar. Starfshópurinn mun taka sér tíma til loka september að sammælast um bæði viðmið og umfang. Á næsta fund starfshópsins, mánudaginn 26. september 2011, mun Anna Dóra Sæþórsdóttir, landfræðingur og dósent í ferðamálafræði við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, verða gestur fundarins. Hún mun ræða um reynslu sína af skilgreiningu á viðmiðum í samhengi við náttúruvernd og nýtingu.

Á fundinum var jafnframt farið yfir tillögu undirritaðs að líkani til að styðjast við vegna mats á einstökum leiðum samgöngukerfisins. Það líkan má nýta þegar búið er að skilgreina viðmið og umfang. Beiting líkansins gefur tækifæri til þéttari raka við ályktanir um einstakar leiðir.

Á fundinum var jafnframt rætt um verklag starfshópsins á næstu vikum, en lagt er upp með vikulega fundi hópsins næstu sex til átta vikurnar.

Enn er ítrekað að unnt er að senda starfshópnum athugasemdir um netfangið starfshopur@vjp.is.

Virðingarfyllt,  
Þröstur Ólaf Sigurjónsson